

nokkrar spurningar, er hlutaðeigandi umboðsmaður hafði upp borið, en þær eru þessar:

1864.
12. marz.

1. hvort menn þeir, sem fengu útmældar áður greindar lóðir á Borðeyrartanga, eigi ekki að gjalda hina ákveðnu leigu eftir þær frá þeim degi, er útmælingargjörðirnar fóru fram, jafnvel þó þeir ekki byggi þar hús;
2. hvort þeir eigi missi rétt sinn til lóðanna ef þeir eigi hafi notað hann innan 2—3 ára;
3. hver eigi að taka við leigunni eftir lóðirnar;
4. hvort nokkur hafnartollur verði heimtaður af skipum, er liggja á höfn, þarsem engu hefir verið til kostað til hafnarinnar, og skipin ekki hafa not af neinum bletti á landi; og
5. hvort ekki beri að greiða ábúandanum á Borðeyri borgun fyrir hagagöngu handa hestum þeirra, er koma til að verzla, og hvort upphæð borgunarinnar eigi sé komin undir samningi milli hlutaðeigenda, eður hvort umboðsmaðurinn eður sýslumaðurinn eigi að ákveða hana.

Þessum spurningum svarar stjórnarráðið þannig:

1. spurn.: að þessari spurning ber að svara með jáyrði;
2. spurn.: að réttur hlutaðeigenda til að nota lóðirnar burtfellur, ef þeir ekki hafa notað þær innan 2 ára frá dagsetning þessa úrskurðar;
3. spurn.: að þessari spurning er þegar svarað hér að framan;
4. spurn.: að kveða verður nei við þessari spurning; og
5. spurn.: að gjöra verður út um það, sem hér er um spurt, með samkomulagi milli þeirra, er hlut eiga að máli.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk til að semja nýja jarðabók fyrir Ísland.

12. marz.

Þær hafð, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið var árið 1863, sent dómsmálastjórninni

1864.
12. marz.

með bréfi dagsettu 18. septemberm. f. á. bænarskrá nokkra, er komið hafði til þingsins og það hafði vísað forsetaveginni til stjórnarinnar með meðmælum sínum¹, en í bænarskrá þessari fara þeir þess á leit, Jón Guðmundsson og Halldór Friðriksson, alþingismenn, að þeim verði veittur 400 ríkisdala styrkur á ári í tvö ár, til að búa undir prentun nýja jarðabók fyrir Ísland, og að jarðamatsbækurnar frá 1849—50, ásamt öllum þeim skjölum, er þeim fylgja, verði sendar til Íslands, svo þeir geti notað þær í því augnamiði, er nú var á vikið, og verði þær síðan framvegis geymdar við skjalasafn alþingis.

Stjórnarráðið skal nú fara nokkrum orðum um þetta efni: Þarsem það hefir verið tilfært í bænarskránni sem ástæða fyrir því, að nauðsyn væri á nýrri útgáfu af jarðabókinni frá 1861, þannig úr garði gjörðri, sem hér er um rætt, að menn vanti ýmsar merkilegar skýrslur um jarðirnar, sem voru í eldri jarðabókum, þá eru allflestar af skýrslum þessum þess eðlis, að þó þær kunni vera merkilegar þegar um hagfræði landsins er að gjöra, eiga þær samt sem áður ekki heima í jarðabók, t. a. m. hvers eign jörðin sè, kúgildatala, afgangur að upphæð og áskildum gjald-aurum m. m.; því allt þetta er sífelldum breytingum undirorpið, og ef menn ávallt ættu að hafa fullkomnar skýrslur um þetta, yrði að leiðrétta jarðabókina á ári hverju. Við umræður málsins á alþingi voru enn fremur teknir fram ýmsir gallar, sem mönnum þykja vera á greindri jarðabók; en að sumu leyti yrðu gallar þessir ekki bættir þó jarðabókin væri gefin út að nýju, heldur aðeins með nýrri jarðavirðing, og að sumu leyti yrðu þeir ekki bættir fyrir þá sök, að ekki eru til skýrslur þær, er til þess þurfa. Yfirhöfuð verður ekki sèð, að jarðabókin, sem gefin var út í þeim tilgangi að hún væri regla fyrir skattheimtu, ætti að vera öðruvísi löguð en hún er, og þarvið bætist það, sem mestu varðar, að hún var út gefin öldungis í hinu sama formi og hún var samþykkt á alþingi.

Af þeim ástæðum, er nú hefir sagt verið, kunngjörir stjórnarráðið yður hérmeð, yður til leiðbeiningar og til þess þér aug-

¹) Sjá alþ. tíð. 1863, I. 143.—145. bls.

lýsið það, að styrkur sá, sem um var sótt til að gefa út nýja jarðabók, ekki getur orðið veittur, og að óskin um, að jarðamatsbækurnar og önnur skjöl, er jarðamatið snerta, verði sent til Íslands til að geymast við skjalasafn alþingis, ekki verður til greina tekin fyrst og fremst fyrir þá sök, að optlega þarf á þeim að halda við þau mál, er borin eru undir úrlausn dómsmálastjórnarinnar.

1864.
12. marz.

21. Lög, um eptirlaunaviðbót handa Gísla kansalliráði Hjálmarssyni, fyrrum héraðslækni í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi.

12. marz.

(Frumvarp til laga þessara var lagt fyrir ríkisþingið og samþykkt af þinginu óbreytt, en ástæðurnar fyrir því eru þannig hljóðandi:

Gíslí kansalliráð Hjálmarsson, fyrrum héraðslæknir í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, hefir sent dómsmálastjórninni bannarskrá um, að eptirlaun þau, er hann fær úr ríkissjóði, og sem eru að upphæð 388 rd. 38 sk. á ári, verði hækkuð svo, að þau verði jafnhá embættislaunum þeim, er hann hafði þá er hann var héraðslæknir, en það voru 600 rd.

Gíslí Hjálmarsson kansalliráð hefir nú sex um fimmtugt, og var honum veitt fyrgreint embætti árið 1815, eptir að hann hafði aflokið embættisprófi við háskólann með beztu einkunn. Læknishérað þetta, er nær yfir allan austurfjórðung landsins eður Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu í norður- og austurumdæminu og Austurskaptafellssýslu í suðurumdæminu, er hið örðugasta læknisembætti á Íslandi, bæði sökum þess, hve viðátta þess er mikil, og vegna þess, hve vegir þar eru torfærir, og hversu fjöllin í þeim landsfjórðungi, sem eru bæði mörg og brött, eru afarill yfirferðar, jafnvel eptir því, sem gjöra er á Íslandi. Þareð hann smátt og smátt varð yfirkominn af svo miklum heilsulasleik, að hann um síðir varð ófær til að gegna embættisverkum sínum, neyddist hann til að sækja um lausn frá embættinu, og var honum veitt hún með konungsúrskurði 22. marzm. 1860. Tekjur hans, sem komu til greina þá er ákveðin voru eptirlaunin, voru aðeins 776 rd. 77 sk., en það voru þau hin föstu embættislaun, er embættinu fylgdu, 600 rd., og óvissar tekjur að upphæð 176 rd. 77 sk., og voru því eptirlaun hans samkvæmt reglunum í eptirlaunalögum 5 janúarm. 1851 (smbr.